

Sindri Freysson

Kjartan Ólason

Sindri Freysson

OFTAST HEF ÉG RANGT FYRIR MÉR



Kjarvalsstaðir
Listasafn Reykjavíkur

Febrúar — mars 1996

Lífið í síma- og kennarablokkunum var ekki bragðmikið. Lítio um sveiflu. En á bak við kennarablokkina leyndist önnur saga; Camp Knox sem fór þó smá minnkandi eins og önnur sérkenni þjóðarinnar. Braggarnir hurfu með sama hraða og Kjartan Ólason óx. Hann leitaði þangað, langur og horaður strákur úr símablokkinni, því að þar fór lífið á flugskrið. Engin lognmolla, engir stimpilklukkuþrælar, bara braggars eins og skipsskrokkar á hafslotni, fullir af draugum og stórhvelum. Og braggadömurnar lifa gleggst í minningunni, enda sérstök tegund mannkyns. Þær voru skvísur af gamla skólanum, með mikið uppsett hár og bleikan varalit, önnum kafnar við að strekkja á sokkaböndum og leita að lykkjuföllum, með naglalakkaðar tær í háhæluðum skóm og að öðru leyti fullar kynþokka sem ástæðulaust var að takmarka við augun. Alltaf suðaði heitur leigubíll fyrir utan og í framsætinu sat múraður sjóari og rabbaði við bílstjóran meðan beðið var eftir því að hún legði lokahönd á andlitið. Þessi veröld komi róti á hugann.

„Ég var heillaður af þessu umhverfi og sótti mjög í það. Fólkid var óskaplegra áhugavert, það tjaldaði bara til einnar nætur og stanslaus vandræði voru í gangi öllum stundum. Hnefar í gegnum rúðurnar og drunur í stórum bensínköggum. Fólk af þessu tagi á alltaf græjur, þótt svo að ekki sé til króna fyrir brauðbita. Parna voru fileldir karlmenn að lesa Morgunblaðið yfir rjúkandi rettu og kaffibolla meðan yfir þá dundu auglýsingar í útvarpinu eftir fólk i vinnu, enda rifandi uppgríp alls staðar og allir gátu orðið ríkir.“

Önnur ást hans á sama tíma voru kirkjugarðar og sú ást hefur orðið lífseig. Hann heimsækir kirkjugarða í stórborgum úti í heimi ef færí gefst og þekkir garðinn við Suðurgötu eins og lófann á sér. Hann gerði uppdrátt af garðinum á unglingsárunum og sat

gjarnan með kunningjum sínum við uppáhaldsleiðið, gröf Muggs. Því innst inni blundar rómantíker í Kjartani og hér á norðurhjara er fátt um fina drætti fyrir slíka menn. Ísland er striðað af minnismerkjum, hofum og köstulum. Hvergi er að finna sérlnundaða greifa og gamlar dansmeyjar sem lögðu næturlífið að fótum sér en haltra nú um á tréfæti. En ef grannt er skoðað, má finna sérvitringa á stangli sem valda slysum í sköpuninni þegar vel tekst til. Kjartan segir þjóðfélagið líta þá hornauga. Og hann er dómbær.

Draumlyndur sérvitringur

„Ég er sérvitur og myndi að líkum kallast listamaður á sérleið, ef ég sætti mig við að kalla mig listamann,” segir hann. Kjartan er að minnsta kosti meðvitaður um sérvískuna, sættir sig vel við hana og leggur kapp á að fara eigin leiðir. Sumir gætu þóst gera sömu kröfur til sköpunar sinnar en tilkall Kjartans til hlutverks sérvitringsins ristir dýpra.

Hann þótti strax einkennilegur á barnaskólaárunum í Vesturbænum og virtist staðráðinn í að hunsa þá veröld sem mágurinn lofsöng, fyrist að honum var ekki ætlað hlutverk í kórnum. Hann skar sig úr í klæðaburði og framkomu og er mörgum minnisstæður fyrir vikið. En menn bera margir skrýtnar húfur. Últíð hreyfði við mönnum og þessi einræni piltur með hvimandi augu jók enn á þau áhrif með sérstæðum hæfileikum í teikningu. Eins þversagnarkennt og það kann að hljóma, gat hann aldrei ímyndað sér að hann væri talent á því sviði, en mátaði sig þó við meistara Flóka um tíma og dró upp ýktan og afkáralegan heim súrealistans. Þetta var sjór sem draumlyndir unglingsar vilja kafa í. Og Flóki var fulltrúi eilífrar æsku, hugsunin ungæðisleg en maðurinn nægilega djöfullega vel gefinn til að notfæra sér ástandið. Kjartan stældi Flóka þangað til lærisveininum fannst hann vera kominn fram úr meistararum. Þeir kynntust aldrei. „Það er gaman að gera eithvað sem er bæklað í tímanum og nú þarf að gera vel við Flóka með góðri sýningu á virtum listasöfnum, þótt hann falli ekki að minimalískritísku augnabliksins.”

Max Ernst og Dalí svömluðu þar líka um, veifandi frósum á borð við „eini munurinn á brjáluðum manni og mér er að ég er ekki

brjálaður.“ Ernst hefur haldið sínum sessi í huga hans, en Dali varð seðlunum að bráð, sjálfur Avida Dollars samkvæmt stafarugli Bretons. Kjartan viðurkennir þó engar fyrirmyn dir eða áhrifavalda í dag. Hann er kominn yfir unglingsástir af þeim toga en segist hafa lúmskt gaman af myndlist sem þykir fáfengileg eða léleg í ljósi sögunnar. Hann nefnir forrafaélítana í því sambandi, málara eins og William Holman Hunt og Dante Gabriel Rossetti.

Torkennilegur maður, haldinn dálæti á ýkjum, hlaut að falla illa að hefðbundnu skólakerfi. „Mér leiddist óheyrilega í almennum skóla, átti svo sem auðvelt með að læra ef ég nennti að leggja á mig, en vissi ekki hvað ég ætti að taka mér fyrir hendur og í heildina leit þetta illa út. Ég lenti í myndlistarskóla fyrir helbera tilviljun og verð jafnan undrandi þegar ég heyri viðöl við listamenn sem láta eins og þeir hafi verið komnir með fullmótaðar hugmyndir sex ára. Það sem ég gerði sem unglungur var afleiðing af draumlyndi, frekar flótti til veruleikans en frá honum. Ég hef eiginlega ekkert lært fyrr en ég hætti í skóla og lít á mig sem sjálfmenntaðan.“

Án þess að það snerti Kjartan umfram aðra, rekast vissir einstaklingar aldrei í skólum. Oft er þetta mesta hæfileikafólk hverrar kynslóðar og það endar í einhvær konar listum. „Þetta fólk nýtist hvergi, en fái það að hlaupa óbeislað, kvíknar undireins líf. Ef listamenn væru settir í að reka fyrirtæki, gerðust ævintýri. Ég held raunar að sá sem rekur fyrirtæki þurfi innsæi listamanns, slægð hans og nef fyrir furðum, því það er ekki nóg að hafa þefað af hagfræði. Í raun hefði Fossafélagið Titan átt að ganga upp, því margt í hugmyndum Einars Ben. var snilld. En stjörnurnar lágu ekki þannig á þeim tíma, af einhverjum ástæðum.“

New York og Svarti hálfmáninn

Hann var gerður brotrækur úr MHÍ og segist þess fullviss að Almættið hafi verið að gera sér greiða, en óbeit á hugsuninni um daglaunastrit rak hann aftur í skólann. Hann hélt síðan á vit nafnleysisins í Bandaríkjum, fjarri pírðum augum íslensks veruleika. Í menningu okkar liggur nefnilega afskaplega djúpt óttinn við að vera einstakur, gamall og taka afleiðingum gerða

sinna. „Þessi ótti er að lama vissa þætti í menningu okkar og samfélagi. Þetta er ótti við ákveðna einstaklingshyggju sem lýsir sér í löngun manna til að samsama sig massanum. Tómhiggjan og fjölmíðlarnir eru orðnir hluti af gróðurmoldinni. Medían er orðin aflið sem keyrir menn áfram, skúrinn sem vökkvar plönturnar. Samkeppni í listum er ekki til, hafi hún einhvern tímann verið það. Það er eingöngu samkeppni um athygli til staðar, og hún hefur ekkert með list að gera.“

Menn eru semsagt teknir til við að skapa fyrir fimm mínumánuðna frægð og þeir sem kunna ekki á færibandið gleymast, þrátt fyrir að hafa kannski miklu meira fram að færa en hinir sem þekkja hvern krök af því og kima. Mér finnst þessi afstaða kalla fram mynd þess sem afneitar stöðugt eigin ágæti, rígheldur sér í hógværðina af afli eða hroka þess manns sem óttast að aðrir uppgötvu snilligáfu hans og slátri henni fyrir vikið, annað hvort með skrumi eða ónæði. Truflun á borð við þessi skrif, eða skammlífri athygli sem úrbeinar flesta þá sem verða fyrir henni. Persónuleiki hans undi sér óneitanlega mun betur í staðra samfélagi og í New York uppgötvaði hann að fyrir vissa tegund af fólk er þar ótal kosti að finna. Lífið verður þægilegt í nafnleysinu, þótt svo mennskan láti fólk ekki í friði; ástríðurnar og annað sem allir glíma við. Umhverfið er að vísu ákaflega óheilnæmt, einkum ef peningar eru af skornum skammti, en hvarvetna þrifst merkileg fjölbreytni er gerir borgina heillandi.

Hann bjó við ótrúlegar aðstæður í borginni. Þegar menn koma félitlir af götunni og þurfa iverustað, leigja þeir sér kytru í hrörlegu karlapensjónati sem fylla myndi hreysi hjálpræðis-hersins blygðun. Þarna var alls konar fólk að finna, nánast sögupersónur. Skólinn úthlutaði honum hógværu rými og þar gátu nemendur verið eins og þá lysti, afskiptalausir sem hentaði Kjartani prýðilega.

Kjartan hefur ekki heillast til muna af bandarískri myndlist að sögn og telur bandarískra listaskóla afspyrnu lélega, en í New York kynntist hann þó nýja bandarískra málverkinu. Það var eins og mágsefjun og megnið af því sem birtist var loftbóla, þótt svo að einn og einn stæði upp úr eins og alltaf gerist. Hann man eftir Keith Haring sem dó úr alnæmi fyrir nokkrum árum, þá

ungur maður að leika sér með úðabrusa á götum úti, að skapa veggjakrotslist sem síðar rataði inn í söfnin og varð mörgum féþúfa. „Hann hafði ágæta náttúrugreind, var orkumikill og hafði góða yfirsýn þrátt fyrir að vera í raun ómenntaður. Sjónrænt séð gengu myndirnar hans vel upp og merkingin rímaði vel við þennan tíma, bakgrunn hans og uppruna.“ Um tíma mátti finna í verkum Kjartans bakgrunn sem minnti á veggjakrotið, en þessir sundurlausu, litskrúðugu fletir eru horfnir í nýjustu myndum hans.

Fyrst minnst er á veggjakrot er ekki úr vegi að upplýsa leyndarmál sem valdið hefur mörgum áhugamönnum um neðanjarðarlist heilabrotum og varð kveikjan að heilsíðu grein í ónefndu blaði, þar sem spurt var með nokkrum þunga, hver í ósköpunum Svarti hálfmáninn væri eiginlega. Kjartan og kunningi hans voru feður króans. Þeir dunduðu sér við að úða á auða veggi á heldrimannagöngu sinni, aðallega til að hrella kvenréttindakonur þess tíma. Gullkorn á borð við „Konur eru geðveikir karlmenn“, „Sæstu fyrst við þögla vininn“ og „Ég er búinn að fá fínasta fjörlöð úr honum“, birtust á húsagöflum sómakærra verslunareigenda og stofnana sem undu skreytingunum illa. Margir eftirbátar fylgdu í kjölfarið, misvitrir. Flestir héldu að einkennismerkið x og hálfmáninn bentu til einhvers haturs á müslimum, en þeir félagar litu svo á að merkið — x og öfugt D — stæði fyrir samkynhneigðan sjálfstæðismann.

Kjartan var valinn borgarlistamaður fyrir nokkrum árum en hvarf óvænt af sjónarsviðinu þegar hann átti að njóta launanna. Aðspurður segist hann hafa verið fjarverandi og hlær út í loftið. Hann brá sér frá í tvö og hálftrár og snerti ekki á neinum verkfærum á meðan. Nokkrum árum fyrr lagðist hann í ferðalög. Þetta var tímabil eirðarleysis og hann þvældist vítt og breytt um Evrópu. En það er liðin tíð og hann harmar glataðar vinnustundir og segir enga hemju hvernig dögum og vikum var sólundað, tíma sem hefði með vott af skipulagningu getað verið varið til þarfari hluta.

Að vera er að þjást

Kjartan vill freista þess að fanga frummynd manns og dýrs og manni detta í hug hamskipti, tími umbreytinga þar sem ein mynd

deyr þegar önnur vaknar, eða ófugt. Að baki liggur persónuleg í grundun eða athugun á mannlegu hlutskipti. Hann er öðrum þræði upptekinn af kraftinum og mér finnst það vera orkan sem felst í dauðanum og leysist úr læðingi við hann. Í dauðastriði manns og dýrs fallast kraftur og kyrró í faðma. Fyrir vikið verða verkin ójarðnesk að vissu leyti, fjarlæg og innhverf í senn, án þess að missa slagkraftinn. Þau vekja enga samúð og gætu hlaupið í skapið á einhverju fólk.

En móturnin er ekki sérstaklega bundin yfirborðinu. Augun sýna þó ekki þessi innri átök, þau eru dimmir pyttir sem gleypa ljós. Augu í myndum Kjartans eru undantekningalaust tæmi án augasteina. Og ofast er últíði svart. Að vera er að þjást — en um leið varar Kjartan okkur við því að skilja hugtakið þjáning hefðbundnum skilningi. Þjáning er ofnotuð og misskilin. Orðið er of auðvelt, of handhægt. Ekki síst í huga manns sem grætur aldrei. „Ég held að manninum líði yfirleitt illa, það er eðli hans. Hann er alltaf með einhvern krankleika í maganum, höfðinu, sálinni eða útlimunum. Þetta er einhver hluti af lífshvötinni og án þessarar þjáningar væri maðurinn ekki til. Þá hefði hann ekki drifkraft. Lífið er þjáning og hún býr til bakland fyrir einstaklinginn, rassskellir hann og krefur um endurskoðun. En ég myndi langt í frá telja mig einhvern harmamann, að minnsta kosti ekki meiri en einhverja aðra. En ég er svartsýnn í eðli mínu og hleyp ekki eftir hverju sem er.“

Hann víkur sér þó ekki undan því að í verkunum sé dauði eða písli, og veltir því fyrir sér að þar komi til persóna mannsins á bak við verkin og óhugnanlegur vitnisburður hans. Dauðahvötin er til staðar. Eitt eldri verka hans heitir „Fyrstur hinna dánu“. Það sýnir mann koma á vagni inn í myrkrið, sennilega ríki dauðra, og hann ber kyndil til að lýsa sér. Maður veltir því fyrir sér hvernig er að vera fyrstur í röðinni og fá engar leiðbeiningar um hvernig á að haga sér, þurfa að setja sér reglur sjálfur og skikka þá sem á eftir koma til að hlíta þeim. Kjartan er þegar tekinn að afneita verkinu sem slíku, það er ekkert sérstakt að hans dóml. Í raun hálf misheppnað. En hugsunin sem verkið spratt af sækir enn á. Hann man ekki lengur hvort setninguna bar fyrir í bók eða í höfði hans sjálfss, en hún var samt sem áður fyndin. En þó ekki, því í henni leyndust sannindi eða stór spurn-

ing. Það má fara í saumana á þessari spurningu eða láta hana vera, og hún er jafn áhugaverð hver svo sem nálgunin er.

„Aðeins börn eða heimspekingar spryja spurninga sem þessara. Allir hafa velt einhverju keimlíku fyrir sér, að finna eitthvað í fyrsta skipti, fyrsta firringin eða slíkt. Þetta er alveg hrein hugsun. Ég velti því fyrir mér að halda áfram með hugmyndina og breyta henni í eitthvað annað. Því að hugsunin stenst þótt myndin sé slöpp.“ Og þá vaknar sjálfkrafa vitundin um tvöfalt mál mynda. Þær má lesa á fleiri en einn veg. Í fyrsta lagi er sjónræna spennan sem er áhugaverð að mati Kjartans, hvort sem hún sé fráhrindandi eða aðlaðandi. Myndir sem virka ekki sjónrænt eru óahugaverðar. Síðan má skoða tungumál eða inntak myndarinnar, hvernig hún er notuð, og menningarlegt samhengi hennar. En lestarinn er alltaf tvöfaldur; það er ekki eingöngu hægt að skoða hið sjónræna eða eingöngu inntakið. Þetta verður að liggja einhvern veginn saman.

Við verðum líka að athuga að við lifum nú einkennilega tíma í myndlist. „Pegar póst-módernisminn kemur fram í upphafi seinasta áratugar leysir hann listamanninn undan vissum vanda, en gerir hann samtímis óruggan. Í þeirri fjöldamenningu sem við búum við, eru öll persónueinkenni, allt sem er sérstakt, óeðlilegt og einkennilegt, falið. Menn reyna að forðast það, sem er alveg einstaklega áberandi í myndlist hér á Íslandi. Hér er allt svo smátt að allir eru jólasveinar einn og átta. Þetta gerist sjálfkrafa. Menn geta samt gert spennandi myndverk þótt svo að þeir séu algjörir kjánar. Flestir myndlistarmenn eru kjánar og mjög óspennandi manneskjur með örfáum undantekningum. En það hefur hlaupið ofvöxtur í myndlistina og mér sýnist að hún hafi lítið skánað.“

Verurnar í verkum Kjartans gætu verið teiknaðar upp úr málverki frá 19. öld eða anatómiubók læknastúdents. Hann er einstaklega áhugasamur um anatómiú, sækir söfn stift og dáist að hæfni gömlu meistaranna á þessu sviði. En þótt anatómian sé í höfuðráttum rétt er hún ýkt, myndin sjálf breytir sér enda fyrirsætan aðeins í hugskoti listamannsins. Hann vill gera sköpunarverk sitt almennt, ópersónulegt, þannig að okkur birtist einhvers konar erkitýpa. Þess vegna eru hestarnir líka sýndir á

hlið. Þegar börn teikna dýr eða bíla eru þau á hlið, því það er formið í upprunalegri mynd, eins og skuggi þess ber með sér. „Ég vil ná fram þessu almenna. Eitt sinn reyndi ég að mála í expressjónískum anda og fannst það gera mig taugaveiklaðan,” rifjar hann upp.

Hann bendir á mynd af hesti sem teygir fram hálsinn inn á myndflötinn þessum hugrenningum til sönnunar, þar sem greina má vöðva sem ekki eru til og óhugsandi líkamsbyggingu. Eyrur eru löng og snúin og litarhaft dýrsins er með einhverjum hætti grænt og sjúklegt. Þetta er kannski eðluhestur, frummóðir skepnunnar sem við sjáum brokka um öræfi samtímans. Kannski er hann að leika guð gagnvart þessum fígúrum eða í starfi sem ráðgjafi um kynbætur, eða einfaldlega að taka þær áhættur sem honum sýnist í leik með ævintýrið um sköpunarverkið.

Í þessum verkum er eina hugsanlega birtingarmynd boðskaparins líkaminn, því þar getur tjáningin leikið lausum hala. Úr erfiði manns sem mokar kolum má lesa hugsun, þegar hann ber sigarettu upp að vörum spennast ákveðnir vöðvar í handleggnum, þegar hann talar teygjast aðrir í hálsinum; dansinn skrifar heila sögu. Kjartan virðist taka undir það sjónarmið da Vinci að listamaður sem ræður yfir þekkingu á gerð sina, vöðva og sinafestinga viti upp á hár hvað gerist við minnstu hreyfingu mannsins. Í líkamanum endurspeglast hugsun og sálarástand mannskepnunnar.

„Ég hef einhverja þörf fyrir að hleypa þessum vöðvafjöllum út úr myndinni, en síðan er viss ánægja fólgin í að horfa á dýr hreyfa sig, hvernig vöðvarnir strekkjast. Mér finnst fallegt að horfa á vöðva, mér finnst fallegt að horfa á átak og þegar mér er tjáð andleg liðan með líkamanum. Þetta er kannski alveg jafn skylt dansi eða látbragði. Og með því að tæma fígúruna, ýkja alla svipi, stellingar og vöðva, eru að búa til hugmynd um mann. Og þá er haegt að notfæra sér goðsöguleg eða heimspekileg atriði. En ef ég sýndi manninn á expressjónískan hátt í myndmáli, færðu ósjálfrátt af stað viss hugrenningatengsl og maður yrði bundnari. Þá skortir pláss fyrir hugleiðingar út fyrir myndina. Ég vil brjóta af mér formið. En ég get ekki svarað því hver tilgangurinn er með þessu. Oft finnst mér það í raun

vera alveg fáránlegt. Afhverju er ég ekki að vinna einhverja ærlega vinnu, skapa einhvern auð og halda hagkerfinu í horfinu? Ég er eins og einhver utanaðkomandi, vandræðagemsí sem þvælist fyrir almennilegu fólk.“

Síðan má spryja hvað hesturinn stendur fyrir, hvort hann sé andlegt tákni, bókmenntalegt eða goðsögulegt. Mynd hestsins er yfirlaðin af merkingu, hvort sem horft er á dýrið sem farartæki, boðbera frjósemi eða skáldskapar, orkustöð eða eitthvað gjörólikt. Og hvað með hamarinn? Hann vísar ekki beint á norræna goðafræði, því hann gæti líka vísað í persónulega upplifun. Prátt fyrir það má ekki sniðganga goðafræðina, hvorki þá grísku né norrænu, en ef skoðandi ætlar að feta þá braut þarf hann að skilgreina áður hvað goðsaga er.

Fyrst og síðast vegna þess að listamaðurinn hefur hugfast að það er óskaplega auðvelt að ruglast á hugtökum. Hugtökin geta leitt flesta út í móa að mati Kjartans, ekki síst þá sem slá fram margslungnum hugtökum umhugsunarlítið. „Það sem er áhugavert við listsköpun er fyrst og fremst að geta sagt stóran sannleik með einhverjum órókvísum hætti. List hlýtur alltaf að vera um þetta. Ef maður ætlar að járnbinda allar sínar hugsanir, ertu kominn inn á allt annað svið. En eins og ég skil það, verður maður að vísa til — ef það er hægt — eigin persónu, eigin greindar, eigin menntunar, eigin getu og sögu,” segir Kjartan.

Hann var reyndar eitt sinn óskaplega upptekinn af goðafræði og sökkti sér ofan í bækur sem hana geymdu eða útlistuðu. Slíkur lestar skilar sér ómeðvitað, þótt svo hann vinni ekki með áhrifin á markvissan hátt. Sama málí gegnir vitaskuld um allt ritmál. Hann er oft heillaðri af orðum en myndlist og þau veita ekki síður innblástur. Bæði lögun þeirra og sú áferð sem þau virðast hafa. Orð búa yfir orku og þau eru efni. Nöfn fylgja mörgum myndum Kjartans og nöfnin vísa veginn, án þess að ljóstra upp um merkingu, skírkotanir í sígilda speki á borð við „maðurinn er manninum úlfur“, eða titlar eins og „Órar“ eða „Æxlunarhvötin“ breyta sýn skoðandans en færa honum engin svör. Hann kveðst ekki vera skipulagður lesandi á þann hátt að hann leiti að setningum eða hugleiðingum sem gætu fóstrað mynd. „Það er erfitt að tala um þessa hluti, því að ég væri ekki að fást við þá ef ég gæti það. Smekkur og umhverfið sem maður

sprettur úr skiptir máli og tíminn, en þetta er allt saman ómeðvitað á einhvern hátt.“

Leigjandi í Lettlandi

Hann hefur þó forðast bækur á ákveðnu skeiði, farið í lestrarbindindi. Í nokkur ár leit hann ekki í skáldsögur og er þess fullviss að heilsan hafi lagast töluvert við að hætta að lesa dagblöð, sem styðst við þá skoðun að fjölmíðarnir séu að verða með eindæmum sviplausir. Á útvarpsstöðvunum þusar ólæst fólk sem hefur ekkert til málanna að leggja, nema ný tilbrigði við þágufallssýki. Hjá honum gætir ótta um afdrif þjóðar sem leidd er til beitar í eyðimörk. Stundum vill hann líka loka á umheiminn og forðast af einbeitni að „fylgjast með“. Þá gæti hann rétt eins búið í Tallin, verið nafnlaus leigjandi í Lettlandi. Og hann telur sig aðeins að litlu leyti þáttakanda í íslensku samfélagi. Einangrun er eðli starfsins, eins og flestir listamenn utan leikhúsa og hljómsveita þekkja, og með árunum gætir æ ríkari löngunar til að gefa sig þessari einangrun á vald. En það er lítt freistandi að flyja í brennivíníð eða dópið, ekki síst þegar menn hafa ekki þann kirtil, eins og Kjartan orðar það. „Peir sem hafa kirtilinn geta fundið eitthvert afbrigði af slökun og lífsfyllingu í æðavíkkandi efnum. En ég hef ekki kirtilinn. Það gæti hins vegar komið til tals, hefði ég hann.“

Einn helsti vímugjafi Kjartans virðist vera ást hans á öfgum í ýmsum myndum. Hann hefur áhuga á spíritisma og stundaði um tíma fundi hjá Guðspekifélaginu, Sálarrannsóknarfélagi Suðurnesja og jafn yndislegum félögum öðrum. „Ég leita uppi það litla furðulega sem fær að þrifast. Umhverfið er yfirhöfuð svo gerilsneytt að til að sjá skrýtna hluti gerast verður að leita uppi kultúr sem er á skjön við miðjumoðið. Á Suðurnesjum eru til dæmis afskaplega ljúfir og alþýðlegir klúbbar, þar sem menn fást við áruteikningar og annað þess háttar. Ég trúi á líf eftir dauðann og allt það húllumhæ, en hafði mestan áhuga á karakterum á fundunum, trans-miðli frá Sandgerði sem var fjögurra barna húsmóðir, rafverktaka frá Selfossi sem var formaður Sálarrannsóknafélagsins og svo framvegis. „Eitthvað gerist þegar þetta fólk kemur saman,“ segir hann og hermir eftir konu sem hallaði sér eitt sinn að honum og hvíslaði með sönnu trúnaðartrausti; „ertu næmur?“ Hann skemmti sér konunglega.

„Allir mæra hver annan í ægilegum rjómatertuveislum á sama tíma og þeir fálma yfir í aðra heima. Og ekki síst er skorturinn á fagmennsku töfrandi. Þarna voru fluttir fyrirlestrar um Egypta, unnir úr handbók um mystík sem hægt er að kynna sér á einni kvöldstund. Þetta er einfaldlega stórkostleg veröld sem allir ættu að kynna sér og njóta til fulls.“

Á einum stað er teikning af veru sem hann vill sjá sem andhetju. Andlitið er grett. Við hlið þess stendur „Skylda hvers manns er að lifa af fortíð þjóðar sinnar“. Og útskorin tár með sömu áferð og árhringir í trjástofni. Örninn sem flestir tengja við valdið baðar út vængjum hinum megin við. Og það er eins og þessi gretta andhetja sé að falla til jarðar. Vöðvamassinn gerir hana að hálfgerðum krypplingi. Útlínurnar virðast einfaldari, kannski vegna þess að bakgrunnurinn er ljós og án þeirrar sundurlausu dýptar sem setur svip á ýmis önnur verk og minnir á stækkað brot af landslagi í fornnum myndum. Í hreyfingu handa og axla má greina hringlaga form, sem kallast svo á við afturenda verunnar. Þetta er ekki tilviljunarkennt samhengi.

Á öðru verki er andlit sem minnir á styttur eða áróðursmyndir af félaga Lenín sem flæmir mig enn og aftur á vit þeirrar upphafningar sem sýn Kjartans geymir. Kjartan neitar því að hann sæki meðvitað í stíl áróðursmynda. Hann situr ekki heima og flettir uppflettibókum um áróðursbrögð nasista eða kommúnista þar sem hetjan birtist upphafin og voldug, í meitluðum dýrðarljóma. Hann viðurkennir hins vegar að sú tegund af myndmáli sem birtist í áróðursmyndum höfði til hans. Þannig sé sjaldnast að finna nema eina persónu eða einn hlut í hverju verki, á nákvæmlega sama hátt og áróðursmyndir sýndu merkisbera hugmyndafræði sinnar á stalli sem enginn annar átti kost á að klifa. Þetta er tvírætt samband en skilin eru eftir sem áður ljós.

„Á bak við þessar myndir nasista og fasista stendur hugmyndafræði og málstaður, en ég hef ekki þennan málstað að verja. Ég er að vinna með stór form og veit ekki afhverju mér finnst þau áhugaverð, sjónrænt séð. En mér finnst það. Kannski hef ég rangt fyrir mér. Oftast hef ég rangt fyrir mér. Ég hef í raun uppgötvað að ég hef yfirleitt alltaf rangt fyrir mér. En mér finnst þetta samt vera svona.“

Og á nokkrum árum hefur orðið talsverð myndbreyting. Hann sest á hækjur sér og rissar í blokk á gólfuru til að gefa mér hugmynd um hvernig verkin eiga að líta út fullgerð. Tvívíðri sýn Kjartans fyrir nokkrum árum hefur vaxið horn. Útskotin eru hraunuð eða í stöllum og þau geyma draumatákn, landslag í þokuhulu og kunnuglegar skuggamyndir. Allt eru þetta angar af sama heimi. Þarna eru áðurnefnd risatár sem rísa eins og eyjur við hlið eins rammans, ernir, fjöll, örvar, hamarinn. Yfirleitt er liturinn grár. Hann er fullur efasemda um þessa þríviðu viðbót, eins og við er að búast, því öll leit er undirorpun efasemdum. En hann vill ná fram mónumental áhrifum og umgjörðin eykur á þyngdina. Samtímis næst fram hugmynd um hraða með forminu.

Kjartan gleymir þó ekki þeim sjónrænu áhrifum sem umgjörðin kallar fram, því myndmálið er alltaf til staðar. Um tvískiptingu flatarins gegnir svipuðu máli. „Ég er að reyna á myndina, kanna möguleika hennar. Þegar menn tæma myndmálið nota þeir ekki möguleika þess. En umgjörðin er hluti myndarinnar, þannig er hún heild. Þegar maður horfir á myndina lítur hann ekki frekar á rammann en umgjörðina. Þessi viðbót við verkin er kannski einfeldningsleg í einhverjum skilningi, en hún þjónar myndmál-inu einnig,“ segir hann. „Það sem er væntanlega áhugaverðast við myndlist er sjónræni þátturinn og hvort sem menn vita af því eða ekki, þá vaknar einhver skilgreiningaþörf þegar horft er á mynd. Þótt það fari fram hjá flestum, þá hugsar augað.“

Menningarmálanefnd Reykjavíkur
Guðrún Jónsdóttir, formaður
Guðrún Ágústs dóttir
Helgi Pétursson
Inga Jóna Þórðardóttir
Jóna Gróa Sigurðardóttir

Tryggvi Baldvinsson
Þorvaldur Þorsteinsson

Forstöðumaður Kjarvalsstaða
Gunnar B. Kvaran

Yfirlestur handrita:
Sindri Freysson

Hönnun sýningarskrár:
Þorbjörg Br. Gunnarsdóttir

Umsjón með gerð sýningarskrár:
Anna Friðbergsdóttir
Þorbjörg Br. Gunnarsdóttir

Skeyting og filmuvinnslá:
G. Ben. Edda prentstofa hf.

Prentun og bókband:
G. Ben. Edda prentstofa hf.

© Kjarvalsstaðir
Listasafn Reykjavíkur
The Reykjavík Municipal Art Museum
febrúar–mars 1996

ISBN 9979-874-61

ISBN: 9979-874-65-1



KJARVALSSTAÐIR
Listasafn Reykjavíkur

Febrúar — mars 1996